



MYNDSTEF
Myndhöfundasjóður Íslands
Visual Art Copyright Association

Alþingi
Erindi nr. P 132/599
komudagur 12.1.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, mál nr. 328 lagt fyrir Alþingi á 32. löggjafarþingi.

Með bréfi dags. 12. des sl. var óskað eftir umsögn Myndstefs um ofangreint frumvarp.

Stjórn Myndstefs lýsir yfir ánægju með framkomið frumvarp og telur að frumvarpið feli í sér verulegar réttarbætur fyrir höfunda á sviði réttindagæslu í höfundarétti. Eftirfarandi athugasemdir eru þó gerðar við frumvarpið eins og það liggur fyrir í þinginu nú en stjórnin leggur áherslu að þau úrræði til réttindagæslu á sviði hugverkaréttinda sem frumvarp þetta felur í sér nái einnig til innheimtu og skila á fylgiréttargjöldum.

Í því sambandi væri nauðsynlegt að breyta 1. gr. a. frumvarpsins þar sem skilgreind eru þau höfundaréttindi sem falla undir löggin og bæta inn í greinina ákvæðum höfundalaga og laga um verslunaratvinnu sem fjalla um fylgiréttargjöld. Ef þessi sjónarmið væru tekin til greina myndi a. liður 1. gr. orðast svo: “Höfundarétti og skyldum réttindum skv. 3. gr., 4. gr., 3. mgr., 11. gr., 25. gr.b., 45. gr., 46. gr., 48.-52. gr. höfundalaga og 23. gr.a. laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998 sbr. lög nr. 117/2005.”

Nauðsynlegt yrði ennfremur að breyta greinagerð í kafla VII 1. tl. og bæta þar inn í upptalninguna, á bls. 16, þeim lagagreinum sem fjallað er um hér að framan.

Um alllangt árabíl hafa verið lagaákvæði í íslenskum lögum um innheimtu og skil á fylgiréttargjöldum til myndhöfunda og erfingja þeirra vegna endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Er það í samræmi við hliðstæðar reglur í löggjöf nágrannalanda okkar. Gert er ráð fyrir að heildarsamtök myndhöfunda Myndstef annist um innheimtu á þessum gjöldum frá þeim sem stunda endursölu á listaverkum í atvinnuskyni og standi síðan skil á þeim til viðeigandi höfunda. Hér á landi hefur verið misbrestur á innheimtur þessara gjalda þar sem þeir sem stunda þessi viðskipti hafa skotið sér undan því að greiða þessi gjöld bæði hvað varðar listaverkasölu á frjálsum uppboðum og í listmunaverslunum. Samtökin hafa margítrekað reynt að fá þessa aðila til þess að fara að lögum og innheimta þessi gjöld og standa skil á þeim en orðið lítið ágengt í þeim efnum. Þessi barátta hefur staðið yfir um langt árabíl og skilað litlum árangri. Á allra síðustu tímum er aðaluppboðsfyrirtækið á íslenskum markaði loks farið að skila fylgiréttargjöldum, hvað

Hafnarstívali 1E
101 Reykjavík, Ísland/Island
Sími/Teleph. +354 562 7711
Fax +354 562 6656
www.myndstef.is • myndstef@myndstef.is

Aðili að Member of FJÖLIS
Reproduction Rights Organisation og/and RHM

varðar sölu á uppboðum. Tekið skal fram að það sama fyrirtæki er umsvifamikið í sölu myndverka í verslun sinni en skilar ekki fylgirákvæði í VII. kafla höfundalaga hafa samtökin reynt að fá embætti ríkislögreglustjóra til þess að rannsaka þessi meintu brot og eftir atvikum að gefa út ákærur á þá aðila sem sannir verða að lögbrotum. Ítrekað hafa embætti ríkislögreglustjóra og saksóknari ríkisins hafnað þessum beiðnum samtakanna.

Að mati Myndstefs er hér um mjög alvarleg brot að ræða þar sem fjallað er um háar upphæðir og brotastarfsemi sem nær yfir langt árabíl en mjög erfitt og nánast ómögulegt er að sanna þessi brot nema með atbeina lögregluyfirvalda eða ef til væru reglur sem gerðu kleift að taka til skoðunnar bókhald viðkomandi aðila og komast yfir önnur gögn sem varða þessi meintu lögbrot.

Því er talið nauðsynlegt að þær breytingar sem hér er verið að fara fram á verði samþykktar og taki gildi sem lög frá Alþingi. Til lítils er að hafa ákvæði um fylgirákvæði í íslenskri höfundalöggjöf ef ekki er unnt að innheimta þau löglega í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Stjórn Myndstefs leggur því ríka áherslu á að ákvæðunum um fylgirákvæði verði bætt inn í lagafrumvarpið svo sem að ofan greinir og undirstrikar um leið mikilvægi þess að frumvarp þetta til laga “um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum” verði samþykkt þannig breytt.

Óskað er eftir því að fulltrúi Myndstefs fái tækifæri til að koma fyrir alsherjanefnd Alþingis og skýra sjónarmið samtakanna.

f.h. stjórnar Myndstefs


Knútur Brunn form.